

Mánudaginn 16. október 1939.

Nr. 3/1939. **Finnur Jónsson, Eiríkur Einarsson,  
Hannibal Valdimarsson, Ólafur  
Júlíusson og Jón Kristjánsson**  
(Guðmundur I. Guðmundsson)  
gegn

**Indriða Jónssyni** (Enginn).

Innheimta skuldabréfs. Ábyrgð fyrrverandi félaga á  
skuldum samvinnufélags. Skuldajöfnuður.

### **Dómur hæstaréttar.**

Í máli þessu, sem til hæstaréttar er skotið með  
stefnu 11. jan. þ. á., hefir stefndi hvorki mætt né  
látið mæta, enda þótt honum hafi verið löglega  
birt stefna. Hefir málið því verið flutt skriflega eftir  
1. tölul. 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt eftir  
framlögðum skilríkjum.

Áfrýjendur hafa krafizt sýknu af kröfum stefnda  
í máli þessu og málskostnaðar fyrir báðum dómum  
eftir mati hæstaréttar.

Eins og segir í héraðsdóminum, sagði stefndi sig  
úr Samvinnufélagi Ísfirðinga 18. des. 1933 frá næstu  
áramótum að telja. Ábyrgð hans á skuldum félags-  
ins til 31. des. s. á. samkvæmt 24. gr. félagslaganna  
var því enn í gildi 3. sept. 1935, er félagsstjórnin  
baðst skuldaskila samkvæmt lögum nr. 99/1935. Og  
þykir verða að skilja svo ákvæði 24. gr. greindra  
laga, að ábyrgð þessi hafi haldizt vegna skuldaskila-  
meðferðar á búi félagsins. Þótt stefnda hafi að vísu  
verið það rétt að krefja áfrýjendur samkvæmt 4.  
gr. félagslaganna um skuld þá, er í máli þessu grein-  
ir, þá var þeim hinsvegar rétt að láta koma á móti  
kröfu hans það af skuldum félagsins 31. des. 1933,

er að réttu lagi hefði átt að koma í hans hluta að greiða. Það kom fram í málinu í héraði, að skuldir félagsins umfram eignir hafi þann 31. des. 1933 numið kr. 154306.37. Þessa skuld ásamt skuldaviðbót frá tímabilinu 1. jan. 1933 til 3. sept. 1935, sem hvorttveggja er talið í sókn áfrýjenda hér fyrir dómi kr. 375003.84, kveðast áfrýjendur hafa greitt að fullu, en „að visu með nokkrum eftirgjöfum“. Hafa þeir ekki gert grein fyrir því, hversu miklu fé þeir hafi raunverulega leyst til sín skuldir þær, er stefnda varðar, og verður krafa þeirra um sýknu á þessum grundvelli því eigi tekin til greina. Og með því að fallast má á það, að aðrar varnarástæður áfrýjenda, þær er í héraðsdómi getur, verði ekki heldur teknar til greina, ber að staðfesta hann að niðurstöðu til.

Þar sem stefndi hefir eigi mætt, fellur málskostnaður fyrir hæstarétti niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 3. nóv. 1938.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþinginu skv. heimild í skuldabréfi af Óskari Borg, málflutningsmanni á Ísafirði, f. h. Indriða Jónssonar, skipstjóra á Ísafirði, með stefnu, útgefinni 8. jan. s. l., gegn þeim Finni Jónssyni, framkvæmdarstjóra, Eiríki Einarssyni, hafnsögumanni, Hannibal Valdimarssyni, bæjarfulltrúa, Ólafi Júlíussyni, skipstjóra, og Jóni Kristjánssyni, skipstjóra, öllum til heimilis á Ísafirði og öllum meðlimum í Samvinnufélagi Ísfirðinga á Ísafirði, til greiðslu skuldar skv. skuldabréfi, útgefnu 17. marz 1932, að upphæð kr. 50.56, ásamt 5% ársvöxtum af upphæð þessari frá 1. jan. 1936 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu eða skv. mati réttarins.

Tildrög málsins eru þau, er nú skal greina:

Hinn 17. marz 1932 gaf Samvinnufélag Ísfirðinga út fyrrnefnt skuldabréf til handa Indriða Jónssyni, og er skuldabréf þetta nr. 13 í 2. flokki skuldabréfa, er félagið gaf út til ýmissa meðlima sinna vegna kaupa á skipum. Skyldu bréf þessi greiðast á 12 árum skv. árlegum útdrætti, og félagið greiða af þeim 5% ársvexti 31. des. ár hvert, en bréfin falla í gjalddaga fyrirvaralaust við vanskil af hálfu félagsins eða gjaldþrot þess. Til tryggingar skaðlausri greiðslu bréfanna veðsetti félagið skuldareigendum skip sín 7 að tölu. Í texta bréfanna stendur ennfremur: „Auk þess skal sjálfskuldarábyrgð allra félaga S. Í. (þ. e. Samvinnufélags Ísfirðinga) vera til frekari tryggingar skuldarinnar.“

Er fyrrnefnt skuldabréf var gefið út, var Indriði Jónsson félagi í Samvinnufélagi Ísfirðinga, en með bréfi, dags. 18. des. 1933, sagði hann sig úr félaginu, og var úrsögnin miðuð við áramótin 1933—1934.

Hinn 3. september 1935 sótti Samvinnufélag Ísfirðinga um lán úr Skuldaskilasjóði vélbátaeigenda. Er innköllun var gefin út til skuldheimtumanna félagsins vegna skuldaskilanna, lýsti Indriði Jónsson ekki kröfu sinni skv. fyrrnefndu skuldabréfi, en skv. því, sem fram er haldið í máli þessu af hálfu stefnanda, gaf stjórn félagsins skuldina upp til Skuldaskilasjóðs, og var hún tekin til greina við skuldaskilin, og er þessu eigi mótmælt af hálfu stefndu í málinu, er lagt hafa fram bréf frá Skuldaskilasjóði, sem er í samræmi við þetta. Í bréfi þessu segir ennfremur, að þó Indriði Jónsson hafi ekki sjálfur lýst kröfu sinni, hafi honum þó verið tilkynntur skilafundurinn með simskeyti til Ísafjarðar 26. júní 1936, en hann hvorki mætt né látið mæta á fundinum, er haldinn var 2. júlí 1936.

Við skuldaskilin var verðmæti hinna veðsettu skipa skv. mati trúnaðarmanna Skuldaskilasjóðs talið það lágt, að af andvirði þeirra kom ekkert til greiðslu hinnar umstefndu veðskuldar. Í frumvarpinu til skuldaskilanna, er mun hafa verið samþykkt á fundinum 2. júlí 1936, var skuldin hinsvegar tekin til greina sem almenn krafa og skyldi sem aðrar slíkar kröfur greiðast með 5%, en afgangurinn falla niður sem skuld á hendur félaginu.

Er stefnandi 15. febr. 1937 krafðist greiðslu frá Skuldaskilasjóði á nefndum 5% af skuldinni, var greiðslu þeirri

neitað, nema skuldabréfið væri gegn henni afhent kvittað. Neitaði stefnandi því, og fór greiðslan eigi fram.

Hefir stefnandi síðan höfðað mál þetta gegn fyrrnefndum meðlimum Samvinnufélags Ísfirðinga persónulega, og gerir hann þær réttarkröfur, að hinir stefndu verði solidarískt dæmdir til að greiða sér höfuðstól fyrrgreinds skuldabréfs, kr. 50.56, ásamt 5% ársvöxtum frá 1. jan. 1936 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eða skv. mati réttarins.

Stefndu hafa hinsvegar gert þær réttarkröfur, að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfum stefnanda, og hann dæmdur til að greiða þeim málskostnað að skaðlausu skv. mati réttarins.

Sýknukröfu sína byggja hinir stefndu á því, að stefnandi hafi borið solidaríska ábyrgð á öllum skuldum Samvinnufélags Ísfirðinga, þegar félagið leitaði skuldaskilanna, og því ekki getað gert kröfu sína gildandi á hendur félaginu eða einstökum mönnum, að Samvinnufélag Ísfirðinga hafi þá verið algerlega insolvent og veðin engin trygging fyrir skuldakröfu stefnanda, að stefnandi hafi ekki lýst kröfu sinni við skuldaskilin og hún á þann hátt præk luderast og að félagsmenn í Samvinnufélagi Ísfirðinga beri eftir skuldaskilin enga persónulega ábyrgð á skuldakröfu stefnanda, þar sem ekki sé hægt að krefja félagið um hana eftir skuldaskilin. Þá er því og haldið fram af hálfu stefndu, að ef þeir beri ábyrgð á þeim kröfum á hendur félaginu, er eigi fengust greiddar við skuldaskilin, þá beri Indriði Jónsson einnig þá ábyrgð.

Það er viðurkennt af stefnanda, að Samvinnufélag Ísfirðinga hafi verið insolvent, er það leitaði skuldaskilanna. Hinsvegar mótmælir stefnandi því, að Indriði Jónsson hafi borið ábyrgð á öllum skuldum félagsins, er það leitaði skuldaskilanna, heldur hafi hann þá aðeins borið ábyrgð á þeim kröfum á hendur félaginu, er stofnaðar hafi verið fyrir úrsögn hans úr félaginu, en sú ábyrgð hafi fallið niður með öllu 31. des. 1935, er tvö ár hafi verið liðin frá brottför Indriða úr félaginu skv. 24. gr. laga félagsins, sbr. 8. gr. laga nr. 36 frá 1921 um samvinnufélög. Af hálfu stefndu er því aftur á móti haldið fram, að ábyrgð Indriða Jónssonar hafi framlengzt við skuldaskilin skv. 24. gr. i. f.

í lögum nr. 99 frá 1935, en því er mótmælt af hálfu stefnanda.

Þá er því og mótmælt af stefnanda, að skuldin hafi þrækluderast gagnvart hinum stefndu við það, að Indriði Jónsson lýsti henni ekki við skuldaskil félagsins, og dregið í efa, að hún við það þrækluderast gagnvart félaginu.

Loks hefir stefnandi mótmælt því, að félagsmenn í Samvinnufélagi Ísfirðinga beri eftir skuldaskil þess enga persónulega ábyrgð á hinni umstefndu skuld, og visar hann í því efni til nýlegs hæstaréttardóms.

Eins og að framan greinir, er það upplýst í málinu, að stjórn Samvinnufélags Ísfirðinga gaf upp til Skuldaskilasjóðs við skuldaskil sín skuld við Indriða Jónsson. Var skuldin af félaginu talin að upphæð kr. 893.09 og talin meðal veðlána. Er eigi véfengt í máli þessu, að hin umstefnda skuld sé hluti þessarar upphæðar. Eins og fyrr segir, tilkynnti Skuldaskilasjóður Indriða skuldaskilafund félagsins í samræmi við ákvæði 17. gr. laga nr. 99 frá 1935 og fór að því leyti með kröfuna eins og henni hefði verið lýst af hálfu Indriða. Einnig var krafan, eins og fyrr segir, tekin til greina við skuldaskilin og ákveðið að greiða upp í hana 5%, eins og aðrar almennar kröfur, og er ekkert upplýst um, að þetta hafi sætt mótmælum. Verður að telja, að í þessu sé fólgin fullkomin viðurkenning á skuldinni, er útiloki þræklusion hennar bæði gagnvart félaginu og ábyrgum meðlimum þess.

Það athugast og, að vart verður talið, að niður hafi fallið ábyrgð félagsmanna í Samvinnufélagi Ísfirðinga á skuld þessari, þó að hún hefði þrækluderast vegna vanlýsingar við skuldaskilin, ef um sjálfskuldarábyrgð hefir verið að ræða.

Í skuldabréfinu fyrir skuldinni stendur, eins og fyrr segir, að auk veðsins skuli sjálfskuldarábyrgð allra félaga Samvinnufélagsins vera til frekari tryggingar greiðslu skuldarinnar. Virðist út frá því gengið af báðum aðiljum í máli þessu, að skuldin hafi verið tryggð með sjálfskuldarábyrgð félagsmannanna, en mjög ólíklegt verður að telja, að svo hafi verið í raun og veru, þar eð félagarnir bera skv. lögum. Samvinnufélagsins sjálfs og landslögum um samvinnufélög aðeins einfalda en samtaklega ábyrgð á skuldum félagsins, en stjórn félagsins ein hefir undirritað skuldabréfið.

Í 21. gr. laga nr. 99 frá 1935 segir, að skuldaskilasamningur haggi eigi heimild lánardrottins til að ganga að ábyrgð, sem þriðji maður hefir sett fyrir kröfum á lánbeiðanda úr Skuldaskilasjóði.

Skv. 4. gr. laga Samvinnufélags Ísfirðinga bera félagsmenn þess einn fyrir alla og allir fyrir einn ábyrgð á skuldum félagsins og skuldbindingum, og er það í samræmi við 2. lið 3. gr. og 8. lið 5. gr. laga nr. 36 frá 1921 um samvinnufélög, er segja, að félagsmenn í samvinnufélagi beri sameiginlega ábyrgð á öllum fjárreiðum félagsins og að greina skuli ábyrgð þessa í samþykktum þess.

Þessi ábyrgð félagsmanna Samvinnufélags Ísfirðinga verður að áliti réttarins að teljast einföld, en samtakleg ábyrgð á skuldum og skuldbindingum félagsins, sem sjálft verður að teljast persóna að lögum. Fjárhagur félagsmanna, og verður því að telja, að staða þeirra hvers um sig gagnvart lánardrottnum félagsins sé almennt eins og hvers annars þriðja manns, er tekið hefir á sig einfalda ábyrgð á skuldum eða skuldbindingum.

Verður því að telja, að skuldaskilasamningur Samvinnufélags Ísfirðinga hafi eigi haggð heimild lánardrottna þess almennt til að ganga að félagsmönnum þess fyrir þeim hluta skulda félagsins, er eigi fékkst greiddur við skuldaskilin.

Kemur þá til álita sú varnarástæða stefndu, að Indriði Jónsson hafi ekki getað gert kröfu sína gildandi á hendur félaginu eða einstökum mönnum vegna þess, að hann hafi sem fyrrverandi félagsmaður borið solidariska ábyrgð á skuldum félagsins, er það fór í skuldaskilin, og að félagið var þá insolvent.

Meðan Indriði Jónsson var félagsmaður í Samvinnufélagi Ísfirðinga, verður skv. framansögðu að telja, að hann og félagið hafi verið tveir fjárhagslega algerlega aðgreindir aðiljar, er geti hafa öðlzt rétt og borið skyldur hvor gagnvart öðrum, eins og almennt gerist í viðskiptum, og getur það, að Indriði Jónsson hafði skv. lögum félagsins tekið á sig fyrrgreinda ábyrgð á skuldum félagsins gagnvart lánardrottnum þess, engu breytt um þetta, því að ábyrgð á skuld útilokar ekki, að ábyrgðarmaðurinn geti átt eða eignast rétt á hendur aðalskuldara og gagnkvæmt. Af

Þessu leiðir, að Indriði Jónsson gat, þó hann væri félagi í samvinnufélaginu, öðlzt kröfurétt á hendur félaginu með samningum við það, eins og hver annar samningsaðili, og notið sem lánardrottinn félagsins alls þess réttar, er fylgdi lögmætri kröfu á hendur því, þ. á. m. þeirrar tryggingar, sem fólgin var í ábyrgð félagsmannanna á skuldbindingum félagsins.

Því er, sem fyrr segir, haldið fram af hálfu stefndu, að þessi réttur Indriða Jónssonar til að krefja félagið og meðlimi þess um hina umstefndu skuld hafi fallið niður vegna þess, að félagið hafi orðið insolvent, meðan hann enn har ábyrgð á skuldum þess.

Að álitu réttarins verður að telja, að krafa Indriða Jónssonar á hendur félaginu sé útaf fyrir sig óviðkomandi ábyrgð hans á skuldum félagsins. Einnig verður að telja, að afstaða hans gagnvart félaginu sem lánardrottins sé hin sama og utanfélagsmanns, er átt hafi samskonar fjárkröfu á hendur því, og að um ábyrgð hans á skuldum félagsins fari eftir almennum reglum kröfuréttarins um einfalda samtaklega ábyrgð. Af þessu leiðir, að þar sem á engan hátt verður talið, að skuld, er ábyrgðarmaður kann að eiga á hendur aðalskuldara, hvort heldur er samrætt eða óskyld ábyrgðinni, falli niður við það, að aðalskuldarinn verður insolvent, verður eigi heldur á það fallið, að Indriði Jónsson hafi vegna insolvens félagsins misst rétt sinn til að krefja það um hina umstefndu skuld. Má og benda á í þessu sambandi, að við skuldaskilin virðist bæði félagsstjórnin og Skuldaskilasjóður hafa talið hina umstefndu skuld í fullu gildi gagnvart félaginu, og að skuldalisti, er lagður hefir verið fram í málinu af hálfu stefndu, virðist sýna, að félagið hafi á árunum 1934 og 1935 greitt á sjötta þúsund krónur af kröfum samkynja hinni umstefndu skuld, enda þótt yfirlýst sé, að félagið hafi verið langsamlega insolvent í árslok 1933.

Þar sem telja verður, að hin umstefnda skuld, er eigi hefir verið mótmælt sem rangri, hafi skv. framansögðu verið í fullu gildi gagnvart félaginu, verður eigi heldur á það fallið, að réttur skuldareiganda til að krefja hina ábyrgu meðlimi félagsins um greiðslu skuldarinnar, er hún fékkst eigi greidd af því sjálfu, hafi fallið niður við insolvens félagsins, því að ábyrgð félagsmanna verður að

teljast sett fyrst og fremst til þess að tryggja lánardrottna félagsins gegn tjóni af fjárþrotum þess.

Samkvæmt þessu skiptir það eigi máli um úrslit málsins, hvort ábyrgð Indriða Jónssonar á skuldum félagsins hafi framlengzt skv. niðurlagsákvæðum 24. gr. laga nr. 99 frá 1935, en athuga ber í því sambandi, að svo langur tími var liðinn frá lokum skuldaskilanna, er mál þetta var höfðað, að tími sá, er Indriði bar ábyrgð á skuldum félagsins var við málshöfðunina fyrir all-löngu liðinn, hvernig sem á þetta er litið.

Í málinu hefir eigi verið gerð krafa um niðurfærslu hinnar umstefndu skuldar vegna þeirra 5%, er ákveðið var að greiða upp í hana úr Skuldaskilasjóði.

Skv. þessu ber að taka kröfu stefnanda um greiðslu höfuðstóls hinnar umstefndu kröfu til greina.

Vaxtakröfu stefnanda hefir eigi verið sérstaklega mótmælt og ber því að taka hana til greina.

Málskostnaðarkröfu stefnanda skv. reikningi, að upphæð kr. 61.72, hefir eigi verið mótmælt sem of hárrí og ber því skv. þessum úrslitum málsins að taka hana til greina.

Mál þetta var þingfest 10. jan. s. l., flutt skriflega og tekið til dóms 3. f. m. Vegna mikilla embættisanna dóm-arans, þ. á. m. við meðferð annarra dómsmála og meðferð gjaldþrotaskipta, hefir eigi unnizt tími til að kveða upp dóm í málinu fyrr en nú.

#### Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Finnur Jónsson, Eiríkur Einarsson, Hannibal Valdimarsson, Ólafur Júlíusson og Jón Kristjánsson, greiði stefnanda, Óskari Borg f. h. Indriða Jónssonar, in solidum kr. 50.56 ásamt 5% ársvöxtum frá 1. jan. 1936 til greiðsludags og kr. 61.72 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.